

Nd.

553. Nefndarálit

[60. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 42 1948, um útflutning og innflutning á íslenskum og erlendum gjaldeyri.

Frá minni hl. fjárhagsnefndar.

Ég er ekki sammála öðrum nefndarmönnum í fjárhagsnefnd um afgreiðslu þessa máls. Eins og gjaldeyrisástæður þjóðarinnar eru nú, tel ég ekki fært að stuðla að mjög aukinni gjaldeyriseyðslu landsmanna til ferðalaga erlendis, en að því virðist stefnt með frv.

Þegar þetta mál var til atbugunar hjá fjárhagsnefnd efri deildar fyrr í vetur, fékk sú nefnd bréflugar upplýsingar hjá viðskiptanefndinni um ferðalög til útlanda árið 1948. Samkvæmt þeim upplýsingum höfðu verið veitt um 2800 gjaldeyrisleyfi vegna ferðalaga á fyrstu 10 mánuðum ársins 1948, og samanlögð upphæð þeirra nam um $3\frac{1}{2}$ milljón króna. En auk þessara leyfa hafði viðskiptanefnd gefið út 2273 ferðaleyfi án gjaldeyris á tímabilinu frá 20. apríl til 31. október 1948. Um það bil 3 af hverjum 10, sem fóru utan samkvæmt slíkum leyfum, fóru í boð til vandamanna erlendis. Þá telur viðskiptanefndin, að synjað hafi verið um 4000 beiðnum um gjaldeyri til utanferða á fyrstu 10 mánuðum ársins 1948, en þar að auki hafi um 500 beiðnum um ferðaleyfi án gjaldeyris verið synjað frá 20. apríl til 31. október.

Eftir þessum upplýsingum að dæma lítur út fyrir, að um 500 manns hafi farið utan til jafnaðar á mánuði hverjum fyrstu 10 mánuði ársins 1948, en allt að því helmingi fleiri hafi óskað eftir leyfum til utanferða.

Meðan svo er ástatt í gjaldeyrismálanum, að öllum þeim, sem framleiða vörur til útflutnings, er gert að skyldu að afhenda bönkunum þann erlenda gjaldeyri, er þeir fá fyrir útflutningsvörurnar, og enginn má flytja vörur til landsins, hversu nauðsynlegar sem þær eru, án leyfis gjaldeyrisyfirvaldanna, tel ég eðlilegt, að nokkrar hömlur séu á utanferðum manna og gjaldeyriseyðslu í því sambandi.

Í 2. gr. frv. er lagt til, að einstökum mönnum og félögum hér á landi skuli heimilt að semja við erlenda aðila um uppihald í öðrum löndum fyrir sig og sína gegn endurgreiðslu með sams konar greiða hér á landi. Verði þetta í lög tekið, tel ég hætt við, að litið af peningum frá erlendum ferðamönnum komi til bankanna og ráðstöfunar gjaldeyrisyfirvaldanna, jafnvel þótt ferðalög útlandinga hingað til lands aukist eitthvað á næstu árum.

Að þessu athuguðu legg ég til, að frumvarpið verði fellt.

Alþingi, 11. apríl 1949.

Skúli Guðmundsson.